



7. stjórnarfundur LH
2. mars 2021 kl. 20.00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson formaður, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Siguroddur Pétursson, Eggert Hjartarson og Sóley Margeirsdóttir úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir, Lilja Björk Reynisdóttir, Ómar Ingi Ómarsson og Einar Gíslason úr varastjórn.

Fjarverandi: Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Samþykkt fundargerða 5. og 6. fundar
Fundargerð 5. fundar samþykkt. Athugasemdir gerðar við fundargerð 6. fundar.
2. Dómur í máli 9/2020 fyrir dómstóli ÍSÍ
Dómstóll ÍSÍ hefur kveðið upp dóm í máli Fredricu Fagerlund gegn Landssambandi hestamannafélaga. Niðurstöður dómsins er að felld er úr gildi niðurstaða Aganefndar LH í máli 1/2020, dags. 10. des. 2020, um að árangur Fredricu Fagerlund á Skeiðleikum 2 skuli felldur úr gildi á þeim forsendum að einungis yfirdómnefnd eða mótsstjórn á hverju móti hafi heimild til að kæra agamál sem upp koma til aganefndar. Dómurinn er fordæmisgefandi í máli Sigurbjörns Bárðarsonar á Metamóti Spretts.
Afgreiðsla: Samþykkt að stjórn sendi erindi til mótanefnda Skeiðleika og Metamóts, með beiðni um mat á því hvort endurskoða skuli mótaskýrslur, meta hvort gera skuli athugasemd um brot Fredricu Fagerlund og Sigurbjörns Bárðarsonar og hvort vísa beri brotum þeirra til aganefndar LH.

EH vísar af fundi.

3. Samstarfsverkefni Samgöngustofu og LH um öryggismál
Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með Einari og Hildi Guðjónsdóttur hjá Samgöngustofu þar sem lögð var áhersla á vilja LH til að ljúka verkefninu fyrir vorið. Tímaplan auglýsingastofunnar miðast við að skila fullbúinni teiknimynd í byrjun apríl.
Afgreiðsla: Formanni falið að hafa samband við samgönguráðherra um aðkomu ráðuneytisins að fjármögnun verkefnisins.
4. Framlag LH til HOI
Fjárframlag LH til HOI hefur sl. tvö ár verið 3.000.000 kr. á ári. Lagt er til að framlag LH árin 2021 og 2022 verði sama upphæð.
Afgreiðsla: Samþykkt.

EH kemur inn á fund.

5. Bók um líkama hestsins – beiðni um styrk
Auður Guðfinna Sigurðardóttir hestanuddari biður um styrk til útgáfu á fræðsluriti fyrir börn og ungmenni um líkama hestsins. Bókin er samsett af fróðleik sem er settur upp á einfaldan hátt,



myndum sem má lita og skrifa inn á og svo spurningar og púsl sem lesandinn/notandinn getur unnið með. Einnig væri hægt að nýta bókina sem námsefni í barna- og unglíngastarfi hjá hestamannfélögum landsins. Sótt er um styrk að fjárhæð 300.000 kr.

Afgreiðsla: Beiðni um styrk hafnað. Samþykkt að LH kaupi eintök af bókinni fyrir knapana í Hæfileikamótun LH.

6. Tilnefning fulltrúa í fagráð um umferðarmál

Borist hefur beiðni frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um tilnefningu fulltrúa í fagráð um umferðarmál. Tilnefna þarf eina konu og einn karl og annað þeirra verður skipað í fagráðið með tilliti til kynjahlutfalls í ráðinu.

Afgreiðsla: LH tilnefnir fulltrúa úr ferða- og öryggisnefnd LH, Guðríði Arnardóttur og Eggert Hjartarson.

7. Söluskoðun hrossa – úttektarkerfi

Í samstarfi við Félag hrossabænda, HOI og Félag tamningamanna er í undirbúningi að koma á samræmdu úttektarkerfi og viðurkenndum úttekaraðilum til að taka út hesta sem verið er að selja. FEIF hefur í samstarfi við HOI útbúið slíkt kerfi sem hefur verið til í nokkurn tíma en hefur ekki komist í virka notkun.

Afgreiðsla: Samþykkt að skrifstofa LH sjái um að þýða umsagnarblaðið og skipuleggja framkvæmdina. Í framhaldi verði FT og Félagi hrossabænda falið að taka við verkefninu.

8. Þolkappreiðar

Hugmyndin er að koma á fót um 5-600 km. þolkappreiðum sem tækju um 8 daga. um miðjan ágúst, hestar í toppformi. Settar upp stöðvar á leiðinni þar sem skipt væri um hesta, gist í skálum eða tjöldum. Keppendur væru með gps-tæki á sér og með myndavél á hjálminum og hægt væri að fylgjast með á netinu hvar knaparnir eru staddir á netinu.

Afgreiðsla: AA og HH falið að koma með betur formaða tillögu um hver aðkoma LH gæti verið að svona kappreiðum.

9. Staða nefnda

a. Átakshópur um útbreiðslu og nýliðun

Formaður hópsins hefur fundað með hluta hópsins og verkefnastjóra HOI.

Hugmyndir um hlutverk hópsins og verkefni eru að mótast. Hópurinn er ekki fullskipaður en nú þegar hafa verið skipaðir eftirfarandi:

Gréta Guðmundsdóttir formaður hópsins, ritari LH

Árni Þórður Jónsson Fáki, starfar við almannatengsl

Rúnar Þór Guðbrandsson Herði, í verkefnastjórn HOI

Aníta Aradóttir Fáki, í stjórn LH

Karen Woodrow Fáki, fyrrv. formaður æskulýðsnefndar LH

Stefnt er á að ráða starfsmann í hlutastarf eða verktöku sem útbreiðslustjóra LH.

b. Mótanefnd

Tillaga að nefndarfólki:

Gísli Guðjónsson Sleipni, dómari, kynbótadómari og hestafjölmíðlamaður

Einar Gíslason Fáki, mikla reynslu af mótahaldi, formaður keppnisnefndar

Gunnar Halldórsson Borgfirðingi, FT félagi og stjórnarmaður í Járningamannafélaginu.



Sóley Margeirsdóttir Geysi og Mána, í stjórn MD og LH og fulltrúi tölvunefndar.
Ómari Ingi Ómarsson Hornfirðingi, dómari, keppandi, FT félagi og stjórnarmaður í LH.
Elisabeth Jansen Skagfirðingi kennari við Hólaskóla, FT félagi og vanur mótshaldari, dómari.
Lilja Björk Reynisdóttir Hring, fyrrverandi formaður Hrings, fulltrúi úr stjórn LH
Vilborg Smáradóttir Sindra, í undirbúningsnefnd LM á Gaddstaðaflötum. Vanur keppandi í áhugamannaflokkum.

Afgreiðsla: Tillaga um nefndarfólk samþykkt. Lagt er til að Gísla Guðjónssyni verði falin formennska í nefndinni.

c. Reiðvega- og samgöngunefnd

Reiðvega og samgöngunefndin er nú fullskipuð:

Hákon Hákonarson, formaður
Einar Á.E. Sæmundsson, Suðursvæði 1
Guðlaugur Antonson, Vestursvæði
Kristján Þorbjörnsson, Norðvestursvæði
Magnús Skúlason, Austursvæði
Marteinn Hjaltested, Suðursvæði 2
Sæmundur Eiríksson, Suðvestursvæði
Örn Viðar Birgisson, Norðaustursvæði

Formaður nefndarinnar hefur þegar átt fund með Vegagerðinni og umsóknarfrestur til að skila inn reiðvegaumsóknum er til 10. mars.

d. Ferða- og öryggisnefnd

Samþykkt að tilnefna Eggert sem formann nefndarinnar.

10. Hluthafafundur í LM ehf.
Hluthafafundur hefur verið boðaður á fimmtudag.
Stjórn LH felur formanni LH að fara með atkvæði LH á fundinum.
11. Hluthafafundur í Skógarhólum ehf.
Hluthafafundur hefur verið boðaður á fimmtudag.
Stjórn LH felur formanni LH að fara með atkvæði LH á fundinum.
12. FEIF-þing 2021
Aðalfundur FEIF fór fram með í fjarfundi 13. febrúar sl. Allar tillögur sem lágu fyrir þinginu voru samþykktar.
13. Þinggerð landsþings 2020
Þinggerð samþykkt.
16. Önnur mál



a. *Starfshópur um gæðingafimi LH*

Starfshópurinn hefur verið að störfum í tvö ár við að setja saman reglur um Gæðingafimi LH sem nú liggja fyrir. Lagt er til að skipaður verði faghópur til að fylgja reglunum úr hlaði. Í faghópinum verða Mette Mannseth, Hekla Katharína Kristinsdóttir og Guðmundur Björgvinsson úr Gæðingafimnefndinni, Olil Amble og Þórarinn Eymundsson. Einnig er lagt til að skipaður verði tölvuhópur sem heldur utan um dómskjölin, í honum eru Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir og Ólafur Þórisson.

Afgreiðsla: Samþykkt.

b. Auglýst er eftir framboðum til stjórnar ÍSÍ á Íþróttapeingi ÍSÍ sem fer fram 7. og 8. maí nk. Framkvæmdastjóra falið að kanna í hverju stjórnarseta hjá ÍSÍ felst.

c. Stjórn hefur borist áskorun frá Guðmundi Þór Elíassyni íþrótt- og gæðingadómara um að farið verði fram á það við mótstjórn og yfirdómsnefnd Metamóts Spretts að brot Sigurbjörns Bárðarsonar verði fært inn í mótsskýrslu og send til meðferðar hjá Aganefnd LH.

Afgreiðsla: Sjá dagskrármál nr. 2.

d. Fundir stjórnar til sumars:

Samþykkt að fastir fundir verði annan hvern miðvikudag til skiptis kl. 15 og 20.

17. mars kl. 15.00

31. mars kl. 20.00

14. apríl kl. 15.00

28. apríl kl. 20.00

12. maí kl. 15.00

26. maí kl. 20.00

Sumarfundur stjórnar 9. júní eða annan dag sem hentar.

Fundi slitið kl. 22.48